

Nafn sjúklings			BRADENKVARÐI til að meta hættu á myndun þrýstingssára					
			Dagsetning á mati					
Skyntilfinning Geta til að bregðast við óþægindum vegna þrýstings	1 Nánast engin Engin viðbrögð (stynur ekki, kveinkar sér ekki eða kippist við) við sársaukafullu áreiti vegna minnkaðrar meðvitundar eða róandi lyfja EÐA takmörkuð geta til að skynja sársauka á stærstum hluta líkamans.	2 Mjög takmörkuð Bregst eingöngu við sársaukafullu áreiti. Getur ekki látið í ljós óþægindi nema með stunum eða óróleika EÐA hefur skyntruflun sem takmarkar getuna til að finna sársauka eða óþægindi á helmingi líkamans.	3 Aðeins takmörkuð Bregst við munnlegum fyrirælum en getur ekki alltaf tjáð sig um óþægindi eða þörf fyrir að láta snúa sér EÐA hefur einhverja skyntruflun sem takmarkar getu til að finna sársauka eða óþægindi á 1-2 útlimum.	4 Óskert Bregst við munnlegum fyrirælum. Hefur enga skyntruflun sem myndi takmarka getu til að finna eða tjá sársauka eða óþægindi.				
Raki Að hvaða marki húðin er útsett fyrir raka	1 Stöðugur raki Húð er nánast alltaf rök vegna svita, þvags o.fl. Vart verður raka í hvert sinn sem sjúklingur er hreyfður eða honum snúið.	2 Oft raki Húð er oft en ekki alltaf rök. Skipta þarf á líni á rúmi a.m.k. einu sinni á vakt.	3 Stundum raki Húð er stundum rök og skipta þarf aukalega um lín að jafnaði einu sinni á dag.	4 Sjaldan raki Húð er sjaldnast rök, eingöngu þarf að skipta um lín skv. verklagi.				
Virkni Mælikvarði á líkamlega virkni	1 Rúmfastur Rúmliggjandi.	2 Bundin(n) stól Göngugeta mjög takmörkuð eða engin. Ber ekki eigin þunga og/eða þarf hjálp til að komast í stól eða hjólastól.	3 Gengur stundum Gengur af og til dag hvern en mjög stutta vegalengd, með eða án aðstoðar. Dvelur meirihluta hverrar vaktar í rúmi eða stól.	4 Gengur oft Gengur utan herbergis a.m.k. tvisvar á dag og inni á herbergi a.m.k. á 2 klst. fresti yfir daginn.				
Hreyfigeta Geta til að breyta um og stjórna líkamsstillingum	1 Engin Getur ekkert hreyft útlimi eða hagrætt sér án aðstoðar.	2 Mjög takmörkuð Hreyfir einstaka sinnum útlimi eða hagræðir sér lítillega en er ófær um að hreyfa sig oft eða að neinu marki sjálfur.	3 Aðeins takmörkuð Hreyfir oft útlimi og hagræðir sér sjálfur en lítið í einu.	4 Óskert Breytir oft og verulega mikið um stellingu án aðstoðar.				
Næring Matarvenjur	1 Mjög lítil Borðar aldrei fulla máltíð. Borðar sjaldan meira en 1/3 af þeim mat sem borinn er fram. Borðar mjög litla skammta af kjöti og fiski og mjög lítið af mjólkurvörum daglega. Drekkur lítið. Drekkur ekki næringardrykki EÐA er fastandi og/eða fær tæra vökva eða vökva í æð í meira en 5 daga.	2 Líklega ónóg Borðar sjaldan fulla máltíð og borðar venjulega u.þ.b. 1/2 af þeim mat sem borinn er fram. Borðar litla skammta af kjöti og fiski og notar lítið af mjólkurvörum daglega. Drekkur af og til næringardrykki EÐA fær minna en æskilegt magn af fljótandi fæði eða næringu um slöngu.	3 Næg Borðar meira en 1/2 af flestum máltíðum. Borðar eðlilegt magn af kjöti, fiski og mjólkurvörum daglega. Hafnar stöku sinnum máltíð en drekkur oftast næringardrykki ef þeir eru boðnir EÐA fær næringu um slöngu eða næringu í æð sem líklega uppfyllir mest alla næringarþörf.	4 Mjög góð Borðar megnið af hverri máltíð. Afþakkar aldrei máltíð. Borðar venjulega vel af kjöti, fiski og mjólkurvörum. Borðar stundum milli mála. Þarf ekki næringardrykki.				
Núningur og tog	1 Vandamál Þarfnast miðlungs- til hámarks- aðstoðar við hreyfingu. Ómögulegt að lyfta sjúklingi alveg án þess að hann dragist eftir líni. Sigur oft niður í rúmi eða stól, þarf oft að hagræða með hámarks aðstoð. Stífni, ósjálfráðar hreyfingar eða óróleiki hafa í för með sér nánast stöðugan núning.	2 Mögulegt vandamál Veikburða við hreyfingu eða þarfnast lágmarks aðstoðar. Við hreyfingu gæti húðin dregist að einhverju leyti eftir líni, stól, belti eða öðrum búnaði. Heldur oftast nokkuð góðri stöðu í stól eða rúmi en sigur stundum niður.	3 Engin augljós vandamál Hreyfir sig sjálfur í rúmi og stól og hefur nægan vöðvastyrk til að lyfta sér alveg upp við hreyfingu. Heldur alltaf góðri stöðu í rúmi eða stól.					
Stigafjöldi er gefinn upp frá 1-4 nema í núningi/togi (1-3) Engin áhætta 19-23 Viss áhætta 15-18 Miðlungs áhætta 13-14 Mikil áhætta 10-12 Mjög mikil áhætta ≤9					Heildarstig:			